

6. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins endurgreiðir sláturleyfishöfum framleiðslugjaldið í samræmi við útreikninga skv. 5. gr. þannig að hver sláturleyfishafi fái greitt sama hlutfall af heildsöluverði útfluttra sauðfjárafurða á verðlagsárinu 1986/87. Greiðslan fari fram þegar fyrir liggur uppgjör á verðábyrgð ríkisins skv. samningi Stéttarsambands bænda og ríkissjóðs.

7. gr.

Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði skv. reglugerð þessari, sker landbúnaðarráðherra úr þeim ágreiningi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast gildi þegar í stað.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. desember 1987.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.

Nr. 617

22. desember 1987

GJALDSKRÁ

fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1988.

1. gr.

Gjöld vegna heilbrigðiseftirlits á Suðurlandssvæði, sbr. gjaldskrá nr. 470/1985, verða á árinu 1988 sem hér segir:

Eftirlitsgjöld:	1. flokkur	kr. 6 250,00
	2. flokkur	kr. 12 500,00
	3. flokkur	kr. 23 750,00
	4. flokkur	kr. 40 000,00
Leyfisgjöld:	1. flokkur	kr. 2 400,00
	2. flokkur	kr. 4 800,00
	3. flokkur	kr. 7 200,00
	4. flokkur	kr. 9 600,00
Gjöld fyrir vottorð eru		kr. 825,00

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. desember 1987.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.

Soffía Magnúsdóttir.